

Reglur um vörslu og miðlun upplýsinga um viðskiptamenn Stefnis hf.

1. gr.

Almennt

Reglur þessar eru settar með vísan til 19. gr. b. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt hinu tilvitnaða ákvæði laganna ber fjármálafyrirtækjum m.a. að setja sér reglur um hvernig haldið sé utan um upplýsingar um einstaka viðskiptamenn, hvernig aðgangi starfsmanna að þeim sé háttað og hvernig miðlun upplýsinga til innra eftirlits og stjórnvalda sé háttað.

2. gr.

Meðferð upplýsinga

Upplýsingar um viðskipti einstakra viðskiptamanna eru viðkvæmar trúnaðarupplýsingar í eðli sínu. Stjórn Stefnis hf. hefur sett félaginu upplýsingaöryggisstefnu til þess að tryggja leynd, réttleika og tiltækileika upplýsinga. Við meðferð upplýsinga um einstaka viðskiptamenn ber að fara eftir ákvæðum upplýsingaöryggisstefnunar.

Stefnir hf. hefur útvistað fjölmörg verkefni vegna starfsemi sinnar. Skilyrði útvistunar eru m.a. að Stefnir hf. sé á hverjum tíma kleift að hafa skilvirkt eftirlit með starfsemi viðkomandi rekstraraðila. Í því skilyrði felst m.a. að hafa eftirlit með því að rekstraraðilarnir hafi markað sér viðunandi stefnu í upplýsingaöryggismálum. Ber framkvæmdastjóra félagsins, eða starfsmanni sem hann tilnefnir sérstaklega til verksins, að hafa eftirlit með því að meðferð upplýsinga um einstaka viðskiptamenn uppfylli að lágmarki þær kröfur sem gerðar eru í upplýsingaöryggisstefnu Stefnis hf.

3. gr.

Aðgangur starfsmanna að upplýsingum

Starfsmenn Stefnis hf. skulu almennt ekki hafa aðgang að stofnskrárupplýsingum svo sem eignasöfn, stöðu safna, hreyfingar á söfnum eða upplýsingum um einstök viðskipti viðskiptamanna sjóða Stefnis hf.

Aðgangur starfsmanna Stefnis hf. að upplýsingum um viðskiptamenn skal takmarkaður við hlutdeildarskírteinishafaskrá þeirra sjóða sem eru í rekstri Stefnis hf. Skal slíkur aðgangur aðeins heimill þegar starfsmaður þarf, starfs síns vegna, að hafa aðgang að slíkum upplýsingum.

4. gr.

Miðlun upplýsinga til þriðja aðila

Miðlun upplýsinga af því tagi sem hér um ræðir til þriðja aðila er almennt óheimil. Slík miðlun skal aðeins eiga sér stað skv. ákvörðun framkvæmdastjóra þegar sýnt er fram á nauðsyn miðlunar.

Leiði landslög eða samningsskuldbindingar félagsins til þess að miðlun upplýsinga er nauðsynleg skal slík miðlun aðeins eiga sér stað samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri getur í tilteknum tilfellum falið ákveðnum starfsmönnum félagsins að annast miðlun upplýsinga skv. ákvæðum 3. og 4. gr. reglna þessara.

5. gr.

Eftirlit og endurmat

Ársfjórðungslega skal meta hvort aðgangur starfsmanna félagsins að upplýsingum samkvæmt reglum þessum samræmist starfsskyldum þeirra.

Skal það eftirlit framkvæmt af framkvæmdastjóra, ásamt regluverði og öryggisstjóra, en Stefnir hf. hefur útvistað regluvörslu og starfsemi öryggisstjóra með samþykki Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt 18. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Stjórn Stefnis hf.

27. apríl 2011